

**Fundargerð 158. stjórnarfundar Náttúrustofu Vestfjarða
Þriðjudaginn 3. mars 2026.
Fundurinn var haldinn á Microsoft Teams og hófst kl. 14:00.**

Mættir á fundinn, Smári Haraldsson, formaður stjórnar, Lilja Magnúsdóttir, Catherine Chambers, Hulda Birna Albertsdóttir, forstöðumaður og Friðbjörg Matthíasdóttir, fjármálastjóri.

1. Fundargerð 157. stjórnarfundar.

Fundargerðin var lögð fram og engar athugasemdir gerðar við hana.

2. Ársreikningur 2025.

Friðbjörg Matthíasdóttir fór yfir drög að ársreikningi Náttúrustofunnar. Rekstrartekjur stofunnar á árinu 2025 voru kr. 164.763.832 og rekstrargjöld kr. 163.664.234. Rekstrarhagnaður að viðbættum fjármagstekjum var kr. 1.690.784.

Reikningurinn samþykktur samhljóða og verður hann síðan sendur til eigenda stofunnar þegar hann hefur verið undirritaðir rafrænt af stjórnarmönnum. Forstöðumaður og stjórnarformaður munu undirrita stafestingarbréf sem sent verður til aðildarsveitarfélaganna.

3. Samningur um rekstur Náttúrustofu Vestfjarða.

Forstöðumaður greindi frá því að samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Ísafjarðarbæjar hafi samningur um rekstur Náttúrustofu Vestfjarða á milli aðildarsveitarfélaga annars vegar og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis hins vegar, verið framlengdur út árið 2026.

Stjórn og forstöðumaður lýsa ánægju sinni með framlengingu samningsins en telja óeðlilegt að Náttúrustofunni hafi ekki verið tilkynnt um það.

Forstöðumaður greindi frá því að hún, sem stjórnarformaður Samtaka náttúrustofa, hafi birt grein á Vísir (vísir.is) þann 12. febrúar s.l., þar sem gagnrýnd var skerðing á grunnframlögum til stofanna á fjárlögum 2026. Þá greindi forstöðumenn frá að náttúrustofurnar hafi óskað eftir fundi með Jóhanni Páli Jóhannssyni umhverfis- orku og loftslagsráðherra og verði sá fundur 11. mars n.k. Á fundinum vilja forstöðumenn kynna starfsemi stofanna, framlög til þeirra og framtíðarsýn.

4. Verkefnastaða og samningar.

Forstöðumaður lagði fram yfirlit yfir verkefnastöðu stofunnar fyrir árið 2026 og skýrði stöðu verkefnanna. Verkefnastaða stofunnar er góð.

5. Starfsmannamál.

Freyja Ragnarsdóttir hefur hafið störf hjá Náttúrustofu Vestfjarða á Patreksfirði og er með starfsstöð í Vatnseyrabúðinni á Patreksfirði.

Samningur hefur verið undirritaður milli Náttúrustofunnar og Vesturbyggðar um leigu á aðstöðunni í Vatnseyrabúðinni.

Haldnir hafa verið tveir starfsmannafundir síðan síðasti fundur stjórnar var. 14.1.2026 og 18.2.2026. Fundargerðir voru sendar á stjórn.

6. Önnur mál.

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið kl. 15.40

Lilja Magnúsdóttir ritaði fundargerð.